

1859.
17. ágúst.

andi konunglegri auglýsingu til alþingis 27. s. m.; sömu urðu og afdrif bænarskrár þeirrar, er alþing sendi konungi árið 1855 um sama efni. Um leið og dómsmálastjórnin, til upplýsingar um ástæður þær, er stjórnin hafði fyrir sér, þá er máli þessu var ráðið til lykta, lætur hér með fylgja eptirrit af skýrslu til konungs um þetta efni 25. maí 1857, er lögfræðisdeildin beðin að láta í ljósi álit sitt um það, hvort ekki megi í fyrirlestrunum um hina dönsku lögfræði hafa nokkru meira tillit til Íslendinga, er stunda lögfræði við háskólann, með því, að útskýra nákvæmar, en hingað til hefur tíðkast, þau atriði, þar sem íslenzkan rétt greinir frá hinni almennu dönsku löggjöf; svo og með því, að skýra stuttlega frá þeim fáu réttaratriðum, þar sem hin forna íslenska löggjöf (Jónsbok) ennþá er í gildi.

Með svari lögfræðisdeildarinnar biður dómsmálastjórnin um að fylgiskjölin verði send aptur.

19. ágúst.

35. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins á Íslandi, um 400 dala lán til bæjarsjóðsins í Reykjavík.

Þaræð árstekjur Reykjavíkur bæjar, einkum tillög þau, sem jafnað er niður á byggingar bæjarins, eður innbúana eptir efnunum og ástandi, ekki eru komnar í gjalddaga á þeim tíma árs, sem er haganlegastur til að vinna það sem vinna þarf fyrir bæinn á ári hverju, og verður því að fresta þessu til óhentugri tíma, sem vanalega gjörir vinnuna dýrari en hún annars yrði eða ætti að vera, hafið þér, herra stiptamtmaður, til þess að ráða alveg bót á þessu, eptir beiðni bæjarstjórnarinnar, og í von um samþykki stjórnarinnar, leyft að taka mætti til láns 400 ríkisdali handa bæjarsjóðnum með þeim skilmálum: 1) að af því sé goldnir 4 dalir af hundraði í rentu; 2) að lánið sé borgað aptur með 40 dölum á hverju ári, og skal þeim fyrstu 40 dölum lokið 1861; 3) að þessir 40 dalir með rentunum sem eptir standa á ári hverju, þangað til lánið er alborgað, séu teknir sér upp í reikning bæjarins, og að þess sé nákvæmlega gætt, að þessum 400 dölum ekki sé blandað saman við jafnaðarsummuna, svo að

þeir við lok hvers reikningsárs seu í sjóði. Þessari ráðstöfun 1859.
hafið þér, herra stiptamtmaður, í bræfi yðar 30. maí þ. á., skotið 19. ágúst.
til samþykkis stjórnarinnar.

Það lítur svo út, að legið hafi á að máli þessu væri fljótt
ráðið til lykta, þó þér hafið ekki tekið það fram, þaræð
annars hefði átt að skjóta því undir úrskurð stjórnarinnar, sam-
kvæmt reglugjörð 27. nóvember 1846, 24. gr.

Vér látum yður hérmeð vita, að stjórnin að öðru leyti fellst
á ráðstafanir yðar í máli þessu.

36. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfir- 19. ágúst. valdanna á Íslandi, um veitingu Vestmannaeyja prestakalls.

Með því ágreiningur var milli yðar, herra stiptamtmaður,
og yðar, háæruverðugi herra, um veitingu Vestmannaeyja-brauðs-
ins, sem nú er laust, hafið þér í bræfi 17. júním. þ. á. beiðzt
úrskurðar stjórnarinnar um þetta mál, samkvæmt konungs-
úrskurði 14. maí 1850, um breytingu á veitingu þeirra brauða
á Íslandi, sem hans hátign konungurinn eigi sjálfur veitir.

En áður brauð þetta sè veitt, þykir stjórninni hlýða að
það sè nákvæmlega yfirvegað, hvort ekki sè ástæða til að skipa
svo fyrir, að vera skuli aðstoðarprestur á Vestmannaeyjum, annað-
hvort á þann hátt, að þar sè fastur aðstoðarprestur í brauðinu,
er hafi ákveðinn hluta af tekjum þess, eða þannig, að sóknar-
presturinn sè skyldaður til að hafa aðstoðarprest; og ber þess
að geta í því efni, að þaræð Vestmannaeyjar liggja afskekktar og
optlega er erfitt að komast þaðan í land, getur svo farið, að þegar
ekki er nema einn prestur á eyjunum, og hann fatlast, að þar
verði prestlaust svo mánuðum skipti; á hinn bóginn eru tekjur
brauðs þessa meiri, en tekjur flestra eður allra annara brauða á
Íslandi, svo að fært er þeirra vegna að búa svo um, að slíkt
komi eigi fyrir; virðist þetta allt saman mæla með því, að
setja skuli aðstoðarprest á eyjarnar.

Fyrir því skorar kirkju- og kennslustjórnin á yður um, að